

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Reykjanesbæ.

*Deiliskipulag Víkurbrautar 14 og 10.*

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti á fundi 21. október 2025 tillögu að nýju deiliskipulagi Víkurbrautar 14 og 10, málsmeðferð var skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið tekur til 9.715 m<sup>2</sup> skipulagssvæðis. Heimilt verður að byggja 128 íbúðir, í mismunandi stærðum frá 60 m<sup>2</sup> að 120 m<sup>2</sup>, heildarbyggingarmagn er 21.847 m<sup>2</sup> eða nýtingarhlutfall 2,25. Um er að ræða fimm 3-6 hæða fjölbýlishús. Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Reykjanesbæ, 11. maí 2026.*

**Kjartan M. Kjartansson** bæjarstjóri.

---

B deild - Útgáfudagur: 29. maí 2026